

Skagafjarðarveitur ehf. Fundur 7 - 10.09. 2002

Þriðjudaginn 10. september, árið 2002 kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 13:45 í Ráðhúsinu.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Árni Egilsson, Gísli Árnason, Einar Gíslason og Páll Pálsson veitustjóri. Margeir Friðriksson ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Heimsókn iðnaðarnefndar Alþingis

AFGREIÐSLUR:

1. Árni Egilsson stjórnarformaður bauð nefndarmenn iðnaðarnefndar Alþingis velkomna á fundinn, sem og Braga Þór Haraldsson tæknifræðing hjá Stoð ehf. Árni kynnti fyrir fundarmönnum áætlanir Skagafjarðarveitna ehf. um hitaveituframkvæmdir í austanverðum Skagafirði og lagði áherslu á að styrkur til stofnkostnaðar nýrra veitna næmi a.m.k. 10 ára niðurgreiðslum á raforkukostnaði til húshitunar. Bragi Þór Haraldsson skýrði þær framkvæmdir sem þegar hefur verið farið í á starfssvæði Skagafjarðarveitna ehf. undanfarin ár og lýsti þeim möguleikum sem uppi eru um öflun jarðhita til dreifingar ?út að austan? og kostnaði við það. Kom fram hjá fundarmönnum að mikilvægt væri að nýta nýja bortækni sem nú er til staðar til borunar við Kýrholt og upplýst var að fyrir liggur umsókn frá Skagafjarðarveitum ehf. hjá Orkusjóði um styrk til borunar við Kýrholt.

Nokkrar umræður fóru fram um þessi mál og fyrirspurnum svarað.

Ekki voru önnur mál rædd á þessum fundi. Iðnaðarnefnd var síðan kvödd og þökkuð heimsóknin.

Fleira var ekki á dagskrá. Fundargerðin lesin upp og samþykkt og fundi slitið kl. 1430